


Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Hafnarfirði, 16.09.2022  
MFRI: 2022-08-0483

## Efni: Stækkun 2. áfanga Mjóeyrarhafnar á Reyðarfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 3. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna umhverfismatsskýrslu ofangreindrar framkvæmdar. Skipulagsstofnun fer fram á að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Í umsögn umsagnaraðila skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði umsagnaraðila, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Samkvæmt umhverfismatsskýrslunni er 2. áfangi stækkunarinnar á þegar röskuðu svæði (*höfn og manngerðir varnagarðar*) þar sem verndargildi fjöruvistgerða er „*ekki skilgreint og óflokkað (raskað, þangfförur, klungur)*“. Umfjöllun um lífríkið nálægt framkvæmdarsvæðinu í umhverfismatsskýrslunni byggir m.a. á forkönnun frá 1999 sem byggði á ósamanburðarhæfum sýnum (of fáar endurteknningar). Aðrar rannsóknir vegna uppbyggingar álvers og fiskeldis í Reyðarfirði liggja fyrir. Ekki er að sjá að upplýsingar séu til fyrir sjálft framkvæmdarsvæðið né að sérstakar rannsóknir á botndýralífi hafi verið framkvæmdar fyrir þessa uppbyggingu.

Í umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands vegna matsáætlunar framkvæmdarinnar kom fram að ekki væri fjallað um núverandi ástand botndýralífs sjávar við Mjóeyrarhöfn, né hvaða breytingar hefðu orðið frá því að rannsóknir voru unnar þar á árunum 1999 – 2001. Í álit Skipulagsstofnunar kom fram að framkvæmdaraðili þurfi að leggja fram áætlun um vöktun á lífríki sjávarbotns og fjöru og umhverfisáhrifum eftir að framkvæmdum við 2. áfanga lýkur.

Hafrannsóknastofnun gerir ekki sérstakar athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna en tekur undir með Náttúrufræðistofnun að upplýsingar um ástand botndýralífs hefðu þurft að liggja fyrir.


F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir



Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Reykjavík, 1. september 2022  
UST202208-022/B.S.  
10.05.01

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - stækkun annars áfanga – Mjóeyrarhöfn. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 3. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd sem felst í að viðlegukantur Mjóeyrarbryggju verður lengdur. Gerður verður nýr hafnarkantur. Hafnarsvæði stækkað með 12,5 ha landfyllingu og gerð ný grjótvörn um 1,04 ha.

Nú þegar er framkvæmdinni að stórum hluta lokið án þess að ferli mats á umhverfisáhrifum hafi verið klárað.

Í fjölmiðlum hefur komið fram að landfyllingu er að mestu lokið. Grjótvörn virðist lokið og aðeins á eftir að fylla upp í 1,9 ha til að landfylling teljist lokið.

Umhverfisstofnun telur forkastanlegt að ráðist sé í framkvæmd áður en ferli mats á umhverfisáhrifum er lokið. Því telur stofnunin að úr því sem komið er verði umsögn einungis formsatriði til að ljúka þessu máli sem er hið furðulegasta.


Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir þar sem umhverfisáhrif eru þegar fram komin.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

 Skipulagsstofnun
Mótt.: 19 sep. 2022
Mátnr. 202207022



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 19. september 2022  
MÍ202205-0167/ 6.07 / K.M.

## Efni: Efni: Stækkun Mjóeyrarhafnar á Reyðarfirði. 2. áfangi.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 4. ágúst s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að umhverfismatið nái til 2. áfanga lengingar hafnarbakka Mjóeyrarhafnar og stækkunar hafnarsvæðis með landfyllingu frá strönd að nýjum hafnarbakka. Hafnarkantur Mjóeyrarbryggju verður lengdur um 50-70 m með stálþili. Gerður verður nýr hafnarkantur, Framnesbryggja, með nýjum um 530-550 m hafnarkanti með stálþili. Athafnasvæðis Mjóeyrarhafnar verður stækkað um 12,5 ha með landfyllingu, sem nær frá strandlínu sem var áður en hafist var handa við uppbyggingu, að bryggjuþiljum stækkaðrar Mjóeyrarbryggju og nýrrar Framnesbryggju. Þegar hefur verið sett grjótvörn um 1,04 ha fyrir viðlegu hafsögubáts vestast á athafnasvæðinu.

Í skýrslunni segir að framkvæmdir við þennan áfanga Mjóeyrarhafnar séu þegar langt komnar. Nú þegar hefur verið fyllt í 10,6 ha svæði fyrir landfyllingar. Eftir sé að fylla í um 1,9 ha svæði, lengja Mjóeyrarbryggju um 50 m með stálþilskanti og byggja nýja bryggju, Framnesbryggju, með nýjum 550 m hafnarkanti með stálþili.

Í kafla 2.5.2 í umhverfismatsskýrslu er fjallað um efni sem nýta á í uppþyllingu á því 1,9 ha svæði sem eftir er að fylla í innan áfanga 2. Þar segir að áætluð heildar efnisþörf fyrir þá 1,9 ha sem enn á eftir að fylla upp í sé um 210.000 m<sup>3</sup>. Um 120-130.000 m<sup>3</sup> af dýpkunarefni frá Eskifjarðarhöfn, verði nýttir í landfyllinguna. Um 80-90.000 m<sup>3</sup> verði efni sem falla mun til úr skeringum við landmótun á athafnasvæðinu eða frá Eyri og eða Ljósá. Allt efni verði tekið úr efnistökusvæðum þar sem leyfi liggur fyrir til efnistöku.

Fjallað er um fornleifar í kafla 3.2.7 í umhverfismatsskýrslu. Eins og þar kemur fram voru fornleifar skráðar á svæðinu árið 1999. Fyrir liggur


*Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærarlegar til vðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðilla var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*

skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við álver í Reyðarfirði*. Engar fornleifar voru skráðar innan 2. áfanga framkvæmdarinnar en við eystri jaðar áfangans var hleðsla (SM-136:015). Hleðslan var úr stóru fjörugrjóti og talin vera einhvers konar hafnarbætur frá fyrri hluta 20. aldar. Hleðslan hvarf undir hafnarmannvirki 1. áfanga uppbyggingar Mjóeyrarhafnar. Þá kemur fram að skv. frumkönnun á rituðum heimildum um skipsskaða í Reyðarfirði sem unnin var af Ragnari Edvardssyni árið 2017 sé ekki talið líklegt að fornleifar sé að finna á hafsbotni á því svæði sem afmarkað hefur verið fyrir 2. áfanga hafnarstækkunar.

Fyrirliggjandi athuganir á fornleifum á svæðinu eru börn síns tíma og uppfylla ekki kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráningar í dag. 2. áfangi stækkunar Mjóeyrarhafnar nær til svæðis sem þegar hefur verið raskað og því var ekki talin ástæða til að fá fornleifafræðing til skoða það nánar. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að frumhönnun sé þegar farin af stað á svæðum sem skilgreind eru sem áfangi 3 og 4 í stækkun hafnarinnar. Samið hafi verið við fornleifafræðing um rannsóknir og uppmælingu fornleifa innan þeirra áfanga.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllt,  
f.h. Minjastofnunar Íslands




Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jakob Gunnarsson ([jakob.gunnarsson@skipulag.is](mailto:jakob.gunnarsson@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK



Garðabær, 19. september 2022  
Málsnúmer: 202208-0002  
SS

## Efni: Umhverfismatsskýrsla 2. áfanga Mjóeyrarhafnar í Reyðarfirði.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 4. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu vegna stækkunar 2. Áfanga Mjóeyrarhafnar í Reyðarfirði.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matsáætlun framkvæmdarinnar þann 25. maí 2022 þar sem fram komu ýmsar athugasemdir. Vísað er í þá umsögn eins og við á hér. Eins og fram kom í matsáætluninni eru framkvæmdir við 2. áfanga nú þegar hafnar og m.a. verið fyllt í 10,6 ha svæði fyrir landfyllingar. Eftir er að fylla í um 1,9 ha landfyllingu, lengja Mjóeyrarbryggju um 50 m með stálþilskanti og byggja nýja bryggju, Framnesbryggju, með nýjum 550 m hafnarkanti með stálþili. Nokkuð óvenjulegt er í mati á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda að stórum hluta framkvæmdarinnar sé lokið þegar matið fer fram. Slík staða er ekki heppileg og er mikilvægt að við undirbúning 3. áfanga Mjóeyrarhafnar sé hugað að framkvæmd umhverfismatsins tímanlega.

Ein megin athugasemd Náttúrufræðistofnunar við matsáætlunina var sú að þótt nokkuð ítarlegar rannsóknir séu til frá framkvæmdasvæðinu og nágrenni þá séu flestar fyrri rannsóknir yfir 20 ára gamlar og á þeim tíma sem liðinn er hafa orðið miklar breytingar sem tengjast hafnarstarfsemi álversins og miklum skipaflutningum. Náttúrufræðistofnun lagði til að eftirfarandi þættir yrðu skoðaðir betur og að gera þyrfti grein fyrir í umhverfismatinu:

- Botndýralíf við Mjóeyrarhöfn og ástand þess.
- Hvort framandi tegundir þrífist við Mjóeyrarhöfn sem borist hafa með kjölvatni skipa.
- Mengun við hafnarsvæðið t.d. TBT-mengun.
- Frárennsli og útrásir regnvatns á hafnarsvæðinu.
- Efnistökusvæði, bæði á landi og í sjó, staðsetning þeirra, efnisgerð og áhrif efnistöku á lífríkis.

Skipulagsstofnun tók undir þessar ábendingar Náttúrufræðistofnunar í álitinu um matsáætlunina þar sem m.a. kom fram að framkvæmdaaðili þurfi að leggja fram áætlun um vöktun lífríkis sjávarbotns og fjöru eftir að framkvæmdum ler lokið við 2. áfanga og að í slíkri áætlun væri gert grein fyrir mengun við hafnarsvæðið. Einnig að gera ítarlega grein fyrir fyrirkomulagi við frárennsli til sjávar.

Stefnt er að rannsóknum á botndýralífi og lífríkis fjöru vegna uppbyggingar 3. og 4. áfanga Mjóeyrarhafnar og hófust þær sumarið 2022. Náttúrustofa Austurlands framkvæmir rannsóknirnar. Skipulagsstofnun hefur metið að það sé ásættanlegt að áætlun um vöktun sé birt fyrir alla þrjá áfanga uppbyggingar Mjóeyrarhafnar í umhverfismatsskýrslu 3. og 4. áfanga. Í ljósi þess að framkvæmdum við 2. áfanga er að stórum hluta lokið er þetta eðlileg



málamiðlun að mati Náttúrufræðistofnunar og jákvætt og mikilvægt að stefnt sé að frekari rannsóknum á svæðinu. Óheppilegt var þó að ekki var farið í þessar rannsóknir áður en landfylling 2. áfanga var að stærstum hluta framkvæmd og þekkingargap síðustu tuttugu ára verður ekki að fullu bætt.


Ekkert kemur fram um að fylgjast eigi með framandi ágengum tegundum í sjó og vill Náttúrufræðistofnun ítreka að slíkt sé innleitt í vöktunaráætlun. Ekki er heldur fjallað um að fylgjast eigi með áhrifum mengunar og er það sömuleiðis mjög brýnt að verði í vöktunaráætluninni.

Yfirlit yfir efnistökusvæði er veitt í kafla 2.5 og þar kemur fram að allt efni fyrir þá landfyllingu sem eftir er að framkvæmda komi úr efnistökusvæðum þar sem leyfi liggur fyrir til efnistöku.

Niðurstaða umhverfismatsins er sú að fyrir meirihluta umhverfisþátta (landslag og jarðfræði, gróðurfar, strandgerð og lífríki fjöru og lífríkis á sjávarbotni) hafa nú þegar orðið bein neikvæð áhrif vegna framkvæmdarinnar en að vægi þeirra eru metin óveruleg. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir þá niðurstöðu en varðandi áhrif á sjávarbotn er erfitt að fullyrða um vægi áhrifanna þegar litlar upplýsingar eru um stöðu lífríkisins á sjávarbotni næst Mjóeyrarhöfn síðustu tuttugu ár eða svo.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna.



Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



**Jakob Gunnarsson**  
Sérfræðingur, svið umhverfismats  
Skipulagsstofnun  
[Jakob.Gunnarsson@skipulag.is](mailto:Jakob.Gunnarsson@skipulag.is)  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)



## Stækkun Mjóeyrarhafnar, uppbygginga 2. áfanga. Umsögn um umhverfismatsskýrslu.

Vegagerðin hefur yfirfarið innsend gögn frá Alta dags. 28. 7. 2022 og vísar í fyrri umsögn vegna matsáætlunar dags. 20. 5. 2022. Framkvæmdaraðili hefur haft samráð við Vegagerðina vegna þessa máls.

Síða 1/1

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega, innan veghelgunarsvæða má ekki framkvæma nema með heimild frá Vegagerðinni.

Vegagerðin leggur áherslu á að fyrirhugaðar framkvæmdir stefni ekki vegamannvirkjum í hættu og að tryggt sé að umferðaröryggi verði ákjósanlegt.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við lengingu viðlegukants en bendir á umræður á fundi með sveitarfélaginu varðandi ofanvatns.


Vegagerðin gerir ekki frekari athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu varðandi þá þætti er snúa að starfsemi Vegagerðarinnar.

Vegagerðin  
Suðurláun 3  
210 Garðabæ  
+354 522 1000

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Erna Bára Hreinsdóttir  
forstöðumaður Skipulagsdeildar

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍK



Reykjavík, 5. október 2022  
Tilvísun: OS2022080011/22.2  
Verknúmer: 3340300

## Efni: Umhverfismatsskýrsla um 2. áfanga stækkunar Mjóeyrarhafnar í Fjarðabyggð

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 3. ágúst 2022, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um umhverfismat vegna uppbyggingar 2. áfanga stækkunar Mjóeyjarhafnar í Fjarðabyggð, með vísan til 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, skal í umsögn koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði umsagnaraðila, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telji að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Þá er þess óskað að Orkustofnun geri grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði stofnunarinnar og framkvæmdin er háð.

Orkustofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotsins, er íslenska ríkið eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Hugtakið auðlind samkvæmt lögum þessum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotsins annarra en lifandi vera.


Leit, rannsóknir og nýting efnis af hafsbotni eða úr honum utan netlaga eru óheimilar án skriflegs leyfis Orkustofnunar, sbr. 2. og 3. gr. laganna. Þá skal jafnframt að hafa í huga að Orkustofnun ber við leyfisveitingar að gæta að framangreindum hagsmunum íslenska ríkisins, sbr. t.a.m. 2. mgr. 3. gr. laganna. Eftirfarandi umfjöllun er miðuð út frá framangreindu hlutverki stofnunarinnar.

Yfirstandandi framkvæmd felur í sér lengingu Mjóeyrarbryggju um 50 m með stálþilskanti, gerð nýrrar, um 500 m langrar, Framnesbryggju með stálþilskanti vestan Mjóeyrarbryggju og um 12,5 ha landfyllingu sem náí frá fyrri strandlengju að bryggjukanti, auk tengdra framkvæmda. Fram kemur í framlagðri umhverfismatsskýrslu að meginhluti landfyllingar hafi þegar farið fram án undangengins umhverfismats eða formlegra leyfa. Þó kemur fram að tilskilin leyfa hafi verið aflað vegna þess efnis sem nýtt hefur verið og áformað er að nýta til þessa verkefnis, sbr. upptalningu bls. 19 í kafla 2.6 í umhverfismatsskýrslu. Orkustofnun gerir ekki athugasemdir við þær upplýsingar. Þó kemur ekki fram hvort eða hvaða leyfi liggja fyrir um tilgreinda dýpkun í Eskifjarðarhöfn. Fari sú dýpkun fram utan netlaga ber að sækja um leyfi til efnistöknunar, sbr. framangreind lagaákvæði hafsbotsnslaga.




Orkustofnun gerir ekki að öðru leyti athugasemdir við framlagða umhverfismatsskýrslu. Stofnunin bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsókna vegna leyfisveitinga stofnunarinnar á síðari stigum ef eftir því er leitað.

Virðingarfyllst,  
f.h. orkumálastjóra




Kristján Geirsson  
verkefnastjóri



Marta Rós Karlsdóttir  
sviðsstjóri



Fjarðabyggðarhafnir  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfjörður



Fjarðabyggð, 3. október 2022  
Tilvísun 2204067/15.0

## Umsögn

### Umsögn um vegna stækkunar Mjóeyrarhafnar, Fjarðabyggð

Borist hefur beiðni um umsögn skipulags- og umhverfisfulltrúa Fjarðabyggðar vegna umsóknar um stækkun Mjóeyrarhafnar, Fjarðabyggð.

Umsækjandi: **Fjarðabyggð**  
Heimilisfang og póstnr.: **Hafnargata 2, 730 Fjarðabyggð**

Umsögn: **Undirritaður gerir ekki athugasemd varðandi stækkunina.**

